

Umhverfissráð - 344 (20.11.2020) - Breytingar á gildandi deiliskipulagi Skáldalækjar-Ytri

Málsnúmer : 202011086
Málsaðili : Umhverfis- og tæknisvið
Niðurstaða (stutt) : Samþykkt
Fundardagur : 20.11.2020

Inngangur : Lóðarhafar og landeigandi Skáldalæks sækja um leyfi til þess að fá að leggja fram tillögu að breytingum á núgildandi deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Skáldalæks, svæði 660-F. Meðfylgjandi er tillaga að deiliskipulagsbreytingu í formi deiliskipulagsuppdráttar dags. 14.11.2020 sem unnin er af Ágústi Hafsteinssyni arkitekt og Guðmundi Gunnarssyni ráðgjafa. Auk þess er lagt fram undirritað samþykki allra fjögurra lóðarhafa ásamt landeiganda fyrir breytingunum.

Í deiliskipulagstillögunni er lagt til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á núgildandi deiliskipulagi:

1. Hámarks byggingarheimild innan hvernar og einnar lóðanna fjögurra verði aukið úr 60 m² í 110 m².
2. Byggingarreitir allra lóðanna verði stækkaðir.
3. Suðaustur lóðarmörk lóða nr. 1 - 4 verði færð að aðkomuvegi sem lagður var austur en gert var ráð fyrir í gildandi skipulagi og breytir stærð á lóð nr. 4 úr 1883 m² í 2030 m² að teknu tilliti til breytingar á suðvestur mörkum.
4. Norðaustur lóðarmörkum lóðar nr. 3 verði hníkað um 2.2 m til norðausturs og breytist stærð lóðarinnar úr 1226 m² í 1354 m².

Niðurstaða : Umhverfissráð leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði auglýst í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Samþykkt samhljóða með fimm atkvæðum